

19

8. febr.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 155 8. sept. 1949, um kjötmat og fleira.

76. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Kjöt af algeldum kvígum 6 mánaða til 2½ árs, uxum á sama aldri og nautkálfum 6 mánaða til 2 ára skal merkja AK I, séu skrokkarnir holdgóðir og vel útlítandi, en AK II, séu þeir lakari.

Kjöt af nautum frá 2—4 ára skal merkja N I, séu skrokkarnir holdmiklir og vel útlítandi, en N II af 4—6 ára og lakara kjöt af 2—4 ára.

Kjöt af kálfum 2—6 mánaða skal merkja UK I, séu skrokkarnir vel útlítandi og holdgóðir.

Kjöt af holdgóðum kálfum ½—2 mán. og lakara kjöt af kálfum 2—6 mánaða skal merkja UK II.

Kjöt af kálfum ½ mánaðar og yngri skal merkja UK II, séu skrokkarnir söluhæfir, og lakara kjöt af kálfum ½—2 mánaða.

Kjöt af kúm 5 vetra og yngri skal merkja K I, séu skrokkarnir holdgóðir og vel útlítandi.

Kjöt af kúm 5—10 vetra, nautum 6—10 vetra og lakara kjöt af yngri gripum skal merkja K II, enda séu skrokkarnir vel útlítandi.

Kjöt af kúm 10 vetra og eldri og lakara kjöt af yngri kúm, skal merkja K III, ef skrokkarnir eru sæmilega útlítandi.

Kjöt af rýrum kúm, gömlum nautum og annað nautgripakjöt, teljist það söluhæft, skal merkja K IV.

Ákvæði þessi eru sett samkv. lögum nr. 5 23 febrúar 1949, um kjötmat o. fl., til að öðlast þegar gildi, og birtast hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1951.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

20

13. febr.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 5 1951, um breyting á reglugerð nr. 133 1950, um stóreignaskatt samkvæmt 12. gr. laga nr. 22 1950.

1. gr.

3. mgr. 1. gr. hljóði svo:

Kærufrestur til skattstjóra er í Reykjavík til 22. febrúar og annars staðar á landinu til 28. febrúar 1951.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 22/1950, öðlist þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. febrúar 1951.

Eysteinn Jónsson.

Magnús Jónsson.